

Eystrahorn

14. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 15. apríl 2021

www.eystrahorn.is

Uppbyggingarsjóður Suðurlands úthlutar til 74 verkefna í fyrri úthlutun 2021

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. mars úthlutun styrkveitinga úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, að undangengnu mati fagráða atvinnu og nýsköpunar og fagráðs menningar. Um var að ræða fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs á árinu 2021. Umsóknir voru samtals 166. Í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna bárust 67 umsóknir og 99 umsóknir í flokki menningarverkefna.

Að þessu sinni voru tæpum 37 m.kr. úthlutað til 74 verkefna. Úthlutað var 16 m.kr. til 21 verkefnis í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og tæpri 21 m.kr. til 53 menningarverkefna.

Raföld hlaut að þessu sinni hæsta styrkinn 1,5 m.kr. í flokki atvinnu og nýsköpunar fyrir verkefnið „Fjölnýting jarðvarma til orkuvinnslu í dreifbýli“. Markmið verkefnisins er að fjölnýta jarðhitavatn frá borholunni að Grásteini í Ölfusi fyrir orkuvinnslu, upphitun og iðnað, auk þess sem affallsvatn frá hitaveitunni er nýtt fyrir útiböð og fiskeldi. Gert er ráð fyrir að reynsla af fjölnýtingu að Grásteini verður nýtt fyrir önnur jarhitasvæði á Suðurlandi.

Í flokki menningarverkefna hlutu tvö verkefni styrk að upphæð kr. 900 þúsund. Um er að ræða verkefni „Sumartónleikar í Skálholtskirkju“ og „Undirliggjandi minni“. Markmið Sumartónleika í Skálholti er að stuðla að uppbyggingu sigildrar tónlistar á Íslandi, með áherslu á nýsköpun, á flutning tónlistar fyrri alda og á sögulega upplýstan flutning. Skálholtskirkja er rómuð fyrir hljómburð sinn og myndlist og Sumartónleikar mikilvægur þáttur í því að efla almennt menningarhlutverk Skálholts. Í ár verður einnig lögð sérstök áhersla á að kynna börn og ungmenni fyrir nýrri tónlist og verða því sérstakir tónleikar og viðburðir sniðnir fyrir fjölskyldur.

Ólafur Sveinn Gíslason hlaut styrk fyrir verkið „Undirliggjandi minni“ en verkefnið fjallar um uppruna og hugarheim einstaklinga sem búsettir eru í Flóahreppi. Það eru staðbundnir og persónubundnir þræðir sem verður fylgt eftir í rannsóknnum Ólafs og skoðað hvernig þeir endurspeglast



Cantoque Ensemble að syngja á Sumartónleikum í Skálholti einnig styrk, stuttmyndin Hreiðrið (Nest) og kvikmyndin Volada land en tókur á þeirri mynd hefjast í sumar hér í Hornafirði.

Náttúrustofa Suðausturlands fékk styrki fyrir tvö verkefni annarsvegar *Fortíðarsamtal - fyrir framtíðina* og *Visband*.

Gísli Magnússon fékk styrk fyrir *Jessica Jones og gímaldin á Fagurhólmsmýri*.

Auður Mikaeladóttir fyrir verkefnið *Myndlistarsýning KS*.

Agnes Hjaltalín Andradóttir fyrir *Listin á vistinni* og *Ljósmyndunarnámskeið*. Einnig fékk Margrét Erla Maack styrk fyrir *Dansnámskeið á Höfn*.

Það ætti því að vera nóg framundan í menningarlífinu í Sveitarfélaginu Hornafirði miðað við öll þessi áhugaverðu verkefni.

Undir flokki menningarverkefna hlaut Menningarmiðastöð Hornafjarðar styrki fyrir 4 verkefni tvær myndlistarsýningar, annars vegar *Hringfarar* og *Myndlistarsýningu Erlu Þórarinsdóttur*. Einnig hlaut árlegt barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar styrk og einnig verkefnið *Pólskur kvikmyndaklúbbur*.

Tvö verkefni Hlyns Pálmasonar hlaut



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Athugið að næsta tölublað kemur út miðvikudaginn 21. apríl. Skilafrestur fyrir auglýsingar og efni er því til kl.14 mánudaginn 19. apríl



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar

**Steinunnar Margrétar
Sigurðardóttur**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Mjallhvítar og Skjólgarðs fyrir frábæra umönnun.



Aðstandendur

Nýr veitingastaður óskar eftir starfsfólki!

Veitingastaðurinn **Birki** opnar að Hafnarbraut 4 í byrjun sumars. Við leitum að hressum og jákvæðum einstaklingum í bæði eldhúsi og sal. Áhugasamir geta haft samband í birki@birkirestaurant.is eða við Þórhildi í síma 824-1265.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Sumarstarf

Sveitarfélagið Hornafjörður leitar að starfsmanni í sumarstarf á Umhverfis- og skipulagssviði. Um er að ræða aðstoðarmann á skrifstofu og felst starfið í fjölbreyttum verkefnum tengdum:

- Skipulagsmálum
- Umhirðu grænna svæða
- Framkvæmdum
- Undirbúningi hönnunarsamkeppni

Leitað er að einstaklingum með menntun á sviði umhverfismála, skipulagsmála, garðyrkjutækni og/eða landslagsarkitektúrs.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2021 og skulu umsóknir sendar á brynja@hornafjordur.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni. Allar nánari upplýsingar veitir Brynja Ingólfsdóttir, umhverfis- og skipulagssjóri, í síma 470-8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Aðalfundur Ferðafélags Austur Skaftfellinga sem vera átti 8. apríl síðastliðinn og var frestað vegna fjöldatakmakanna, verður haldinn í Gömlubúð **miðvikudaginn 21. apríl kl. 20.00.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagsmenn hvattir til að mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin

Laugardagurinn 17. apríl

Gengið umhverfis Reyðarártind. Farið frá tjaldsvæðinu kl. 10:00 - 2 skór.

Verð fyrir fullorðna 1000 kr., hjón 1500 kr. og 500 kr. fyrir börn. Allir velkomnir.



Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokað vikuna 19. apríl. til 23. apríl.

Kveðja Baldvin



Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu sem fyrst.

Skilvísunum greiðslum heitið.

Hafsteinn Ísaksen

Farsími: 760-3720

hafsteinn.isaksen@gmail.com



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

VALHÖLL
FASTEIGNABALA

Sími: 588-4477 • www.valholl.is

Hornafjörður - Reykjavík - Snæfellsnes

Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali

Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason

lögg. fasteignasali

Sími: 478-2000

GSM: 895-2115

snorri@valholl.is



OPIÐ HÚS 15. APRÍL

VÍKURBRAUT 30 Ekra
Rúmgóð 3ja herb.
íbúð með sólstofu og
sér inngangi.

OPIÐ HÚS
Fimmtudaginn 15.
apríl kl. 17:30 - 18:00



NÝ RADHÚSAÍBÚÐ 60+

VÍKURBRAUT 25D
Glæsileg 3ja herb.
87,8 fm íbúð ásamt
5,3 fm útigeymslu,
8 fm verönd við
aðaldyr og 20 fm
verönd út frá stofu.



Er á Höfn og get tekið
að mér verðmat og
fasteignaskoðanir.
Get bætt við mig
fasteignum í sölu
í Hornafirði og í
Reykjavík

FJALLGARÐUR

FAS vantar húsnæði næsta skólaár til að bjóða 10-20 nemendum í fjallamenskunámi FAS aðstöðu á nemendagarði.

Nánari upplýsingar og tilboð á skrifstofu skólans, 470-8070, helena@fas.is

Skólameistari



Kosning um fugl ársins 2021 er komin á flug

Fuglar eru hluti af daglegu lífi fólks, flestir eiga sinn uppáhalds fugl og hverjum þykir sinn fugl fagur.

Í vetur hafa staðfuglar og vetrargestir glatt okkur með nærveru sinni en nú nálgast vorið og farfuglarnir fara að tínast til okkar á eyjunni fögru. Fuglavernd ætlar að fagna vorkomunni með kosningu á Fugli ársins 2021 og verður sigurvegarinn kynntur með fjaðrafoki og látum á Sumardaginn fyrsta.

Búið er að tilnefna 20 fugla sem eru í framböði fyrir kosninguna, sem er nú í gangi og stendur til 18. apríl.

Keppnin er haldin til að vekja athygli á málefnum fugla í gamni og alvöru og er stefnt að því að hún verði árviss viðburður.

Atkvæði eru tekin að streyma inn eins og farfuglar að vori og er strax ljóst að um spennandi kosningu verður að ræða.

Þeir 20 fuglar sem keppa um titilinn í ár hafa allir orðið sér úti um kosningastjóra. Það er fjölbreyttur og fagur hópur fólks úr öllum áttum og á öllum aldri sem hefur tekið að sér að stýra oddaflugi hinna fuglanna í keppninni. Margir hafa komið upp samfélagsmiðlasíðum fyrir fuglana sína sem Fuglavernd hvetur fólk eindregið til að fylgja.



Frændurnir Glitbrúsi(t.v) og Himbrimi(t.h). En Himbriminn er einn þeirra fugla sem hægt er að velja sem fugl ársins 2021. Mynd Brynjúlfur Brynjólfsson

Á vefsíðu keppninnar á www.fuglavernd.is má finna upplýsingar um keppendur, kosningakerfið og hlekk á kosningaeyðublað. Þar er einnig að finna upplýsingar um kosningastjóra fuglanna og hlekk á samfélagsmiðlasíðurnar sem þeir nota.

Kosningin stendur til kl. 18:00 þann 18. apríl næstkomandi og eru fuglavinir hvattir til að taka þátt og gefa sínum fugli byr undir báða vængi.



Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Sumarstörf fyrir námsmenn

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laus til umsóknar sumarstörf fyrir námsmenn. Skilyrði fyrir ráðningu er að umsækjandi sé í námi (á framhalds- eða háskólastigi) og hafi náð 18 ára aldri.

Um átaksverkefni sveitarfélagsins og ríkisins er að ræða til þess að mæta þeim aðstæðum sem upp eru samfélaginu vegna heimsfaraldursins. Markmiðið er að styðja við námsmenn í sveitarfélaginu með því að ráðast í atvinnuskapandi verkefni innan allra starfssviða sveitarfélagsins og þannig veita nemum tækifæri til atvinnu í sumar.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021 og skulu umsóknir sendar á sverrih@hornafjordur.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Hjálmarsson, mannauðs- og gæðastjóri, í síma 470-8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Skoðaðu
fleiri tilboð
í vefverslun
okkar

Tilboð í apríl



25%
afsláttur

Handþvottakrem

Manista 3 lítra handþvottakrem.
Mest selda handþvottakrem
á Íslandi í mörg ár.



20%
afsláttur

Regnjakki og regnbuxur

Regnjakki og regnbuxur, EN471
vottuð samkvæmt sýnileikastaðli.
320 gr. Litur: Gulur og appelsínugulur.
Stærðir: S-3XL.



35%
afsláttur

Sóthreinsistandur

Gólfstandur fyrir handsóthreinsi.
Hentar vel á vinnustaði og í önnur
opin rými.



25%
afsláttur

Tork pappírsmilla

Hvít pappírsmilla með kjarna,
510 m 2f.



35%
afsláttur

Tork gólfstatíf

Gólfstatíf á hjólum, fyrir
stórar rúllur. Hægt að fá
ruslastand sem aukahlut
á stand.



25%
afsláttur

Sópsett

Hvít sópsett með löngu
skafti, hentar vel við
hvers konar þrif.

Verslun N1
Vesturbraut 1, Höfn í Hornafirði, 440-1462

N1 ALLA LEIÐ


Opnun sýningar í MUUR

Föstudaginn 9. apríl síðastliðinn var opnuð sýning á verkum Steingríms Eyfjörð. Steingrímur er þekktur og virtur af listaunnendum bæði hér heima og erlendis. Því er það sannkallaður heiður að fá að kynna list hans fyrir Hornfirðingum.


Steingrímur hefur komið víða við í listsköpun sinni, og var árið 2017 fulltrúi Íslands á Fenejartværingnum með verkið sitt Lóan er komin. Það sama ár var hann valinn bæjarlistamaður Hafnarfjarðar. Steingrímur er menntaður á Íslandi, Skotlandi, Finnlandi og Hollandi og hefur haldið

fjölda einka- og samsýninga hérlendis og erlendis. Hjónin Lind Völundardóttir og Tim Junge standa að sýningarrýminu MUUR, en það er inni á heimili þeirra að Hagatúni 7. Svona heimgallerí eru þekkt í Evrópu og víðar um heim. Sýningin stendur til 23. júní og er opið laugardaga og sunnudaga frá kl.17:00-19:00. (Gott er að athugað hvort hjónin eru við í síma 615-3209).

Við látum fylgja með nokkrar myndir sem Lind tók við opnunina.



Steingrímur Eyfjörð



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Stuðningsfjölskyldur

Félagspjónusta Hornafjarðar auglýsir eftir stuðningsfjölskyldum sem boðið geta barni inn á heimili sitt tvo sólarhringa í mánuði í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu og styrkja stuðningsnet barnsins. Um er að ræða úrræði veitt á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks og barnaverndarlaga.

Hæfniskröfur:

- Reynsla, færni og áhugi á starfi með börnum og unglingum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum sem og jákvætt viðhorf til barna og unglinga.
- Umburðarlyndi og vilji til samstarfs við foreldra.
- Hreint sakavottorð.
- Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

Umsókn skal fylgja:

- Heilbrigðisvottorð allra heimilismanna, 18 ára og eldri.
- Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá allra heimilismanna eldri en 15 ára.
- Yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum.
- Upplýsingar um önnur leyfi eða samkvæmt barnaverndarlögum og/eða lögum um málefni fatlaðs fólks ef við á.

Upplýsingar veitir Hildur ráðgjafarproskapjálfi á velferðarsviði í síma 470-8000 eða á netfang hilduryr@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Leitum enn að aukaleikurum frá Höfn



Kærar þakkir til allra þeirra sem hafa sent okkur umsókn til þessa fyrir aukahlutverk í næstu kvikmynd Hlyns Pálmasonar, VOLAÐA LAND.

Okkur vantar ennþá fleiri umsóknir í aukaleikarahópinn, fólk á öllum aldri, sér í lagi til að taka þátt í tókum á brúðkaupsveislu í myndinni. Sú sena verður tekin upp á tveimur dögum í júlí mánuði.

Ekki er þörf á neinni reynslu af leiklist.

Við hvetjum alla sem hafa áhuga til að senda eftirfarandi á info@jmp.is:

- Nafn, aldur, símanúmer, netfang
- Skýr ljósmynd af andliti

Fyrir nánari upplýsingar og eða aðstoð varðandi ljósmynd er hægt að heyra í Emil Morávek í síma 691-6750



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR**Útboð - Sindrabær breytingar**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vellíðan fyrir alla

Sveitarfélagið Hornafjörður, hér eftir nefnt verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkið „SINDRABÆR - BREYTINGAR 2021/2022“ eins og því er lýst í útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim reglum sem um það gilda. Innifalið í tilboð skal vera allt það sem til þarf að ljúka verkinu eins og er það skilgreint í útboðsgögnum.

Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið er meðal annars fólgið í lokafrágangi við endurinnréttingar í forsal og aðalsal á jarðhæð í Sindrabæ, breytingar á svölum og tónmenntastofu á 2. hæð/svölum í sal. Breyta skal sviði og rýmum í kjallara undir sviði, lagfæra gólf, vegg og loft og mála öll rými. Ganga skal frá lyftu milli sviðs og kjallara. Á jarðhæð við bakinnangang (næst sviði) skal lagfæra vegg, Endurinnrétta skal rými á 2. hæð, við suðausturhlíð í Sindrabæ.

Frágangur innanhúss nær í aðalatriðum til eftirtalinnna verkþátta:

- Rif og steypusögun
- Steypa sviðsgólfs og gólfhluta í kjallara
- Steypt ofan á stiga og ásteypulag á efri hæð
- Smíði létra innvegga og veggþykkinga, sandspörtun og máln
- Loftaklæðningar og frágangur jaðra, sandspörtun og máln
- Parketlög á aðalsal, grindun og plötuklæðning á sviði
- Flísalögn gólfs í forsal, teppalögn stiga og gólfs á svölum/tónmenntastofu
- Gólfúkalögn í rýmum tónlistaskólans á efri hæð og baksviðs.
- Endurnýjun á rafmagni
- Uppsetning á loftræstikerfi

Skil og opnun tilboðs.

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merktu bjóðanda og með eftirfarandi utanáskrift „SINDRABÆR - BREYTINGAR 2021/2022“ eigi síðar en fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 14:00. Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Sveitarfélaginu Hornafirði og verða þau opnuð samtímis í fundarsal sveitarfélagsins á 3. hæð í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir. Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útboðsgögnum á opunarstað til opunar, er heimilt að senda undirritað tilboð ásamt fylgigögnum með tölvupósti á netfangið bjorni@hornafjordur.is og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út en bjóðandi skal þá jafnframt hafa póstaglagt með ábyrgðarpóstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram, gögn sem fylgja eiga tilboðinu og skal staðfesting þess efnis fylgja með tölvupóstinum. Berist tölvupóstur ekki í tæka tíð fyrir opnun tilboða er það á ábyrgð bjóðanda og telst tilboðið þá ógilt.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opnardeg.

Nánari upplýsingar veitir: Björn Imsland, bjorni@hornafjordur.is sími 470-8014 eða 894-8413

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands verður haldinn með rafrænum hætti þann 21. apríl 2021 kl. 20:00

Dagskrá

Venjubundin aðalfundarstörf

Erindi úr starfi stofunnar:

- Pálína Pálsdóttir: Grógos – geta gróðurs til að þola ágang gosefna
- Rannveig Ólafsdóttir: Kolefnisforði og CO₂ flæði úr jarðvegi
 - Lílja Jóhannesdóttir: Náttúruvernd og byggðapróun

Hlekkur á fundinn verður aðgengilegur á www.nattsa.is

NÁTTÚRUSTOFA
SUDAUSTURLANDS

Aðalfundur 3. framboðsins
verður haldinn í netfundi
fimmtudaginn 15. apríl
klukkan 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Tengill á fundinn:
shorturl.at/fxDNU

Mætum sem flest og ræðum
málin sem brenna á okkur.
Stjórnin



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með málefnum skóla, frístunda og íþróttá hjá sveitarfélaginu og er starfsmaður fræðslu- og tómstundaneftardar. Sveitarfélagið rekur tvo grunnskóla, tvo leikskóla, tónskóla, sundlaug og önnur íþróttamannvirki auk þess sem undir sviðið heyrir félagsmiðstöð, vinnuskóli og Vöruhúsið / FabLab.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun sviðsins, þ.m.t. fjármálum þess. Hann hefur yfirumsjón með stefnumótun, eftirlit með rekstri og faglegu starfi sviðsins. Sviðsstjóri ber jafnframt ábyrgð á að stuðla að góðri samvinnu við önnur svið og einingar innan sveitafélagsins.

Um er að ræða krefjandi starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun leiða og veita faglega forystu í fræðslumálum sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Yfirumsjón með fræðslu-, íþrótt- og frístundamálum í sveitarfélaginu
- Ber ábyrgð á stefnumótun í málaflökkum sviðsins
- Umsjón með rekstri sviðsins, gerð og eftirlit með fjárhagsáætlun þess
- Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu í skólum í samvinnu við skólastjórnendur
- Tryggir eftirfylgni með lögum um leik-, grunn- og tónskóla, æskulýðslög og viðeigandi reglugerðir
- Eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs í samvinnu við skólastjórnendur
- Tengiliður skóla við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga
- Stuðningur og ráðgjöf við skólastjórnendur og aðra forstöðumenn sem undir sviðið heyrir
- Hefur umsjón með aðkeyptri sérfræðisþjónustu og viðeigandi samningagerð
- Situr sviðsstjóraráfundum sem og fundum bæjarráðs og bæjarstjórnar ef þörf er talin á

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af stjórnun skólamála nauðsynleg
- Þekking á stefnumótun og rekstri innan opinberrar stjórnsýslu æskileg
- Góð þekking á lögum tengdum málaflökkum starfsins nauðsynleg
- Framúrskarandi samskiptafærni og leiðtogahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samvisskusemi og frumkvæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á upplýsingatæknimálum og vilji til að bæta við sig þekkingu á því sviði

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021

Umsóknur skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar Matthildi Ásmundardóttur á netfangið matthildur@hornafjordur.is, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 470-8000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Hvítasunnukirkjan
Lifandi vatn
- Lifandi kirkja með lifandi boðskap -

Sunnudaginn 18. apríl 2021 kl. 17:00
Uppörvandi boðskapur
- Ræðumaður -
Cristiane Oliveira

Á sunnudaginn mun Cris predika til okkar orð Guðs. Cris mun einnig segja okkur frá ferð sinni til Brasilíu.

Í rúmt ár hefur Cris vikulega streymt kennslu efni til hóp, kvenna í Brasilíu, sem í ár telur um 90. konur.

Við hlökkum til að sjá þig.

Samkomur sunnudaga
Klukkan 17:00

Bænastundir fimmtudaga
Klukkan 19:30

Fylgist með okkur á Facebook
Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn

Múrfeðgar

Tökum að okkur fræsingu fyrir gólfhitalagnir



Fræsing: 5.700 kr. m² m/vsk. Rör innifalin.
Flotun: 1.430 kr. m² m/vsk. Án efnis.

Hafið samband

Ingvar S: 863-7745 &
Snæbjörn S: 867-2882

VÍNAR SNITZEL

Breaded pork schnitzel

1.895 kr.



GRILLUÐ SAMLOKA MÁLTÍÐ

Grilled sandwich meal

1.395 kr.



*0,5 lítri af gosi frá CCEP fylgir með

Tilboð gildir út apríl 2021

N1 Höfn



Nesti